

## **Tillaga um að fjarlægja hægri beygjuljós þar sem þeirra er ekki þörf**

Flokkur fólksins leggur til að skipulagsyfirvöld skoði hvar hægt er að fjarlægja hægri beygjuljós í borgarlandinu með tilliti til slysasögu.

Lagt er til að fjarlægja hægri beygjuljós á gatnamótum Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar og gatnamót Borgartúns og Kringlumýrarbrautar sem og gatnamót Sæbrautar og Karfavogur en á þessum gatnamótum hafa engin slys orðið samkvæmt slysavef samgöngustofu. Einnig er lagt til að aftengja hægri beygjuljós á frá Holtavegi inn á Sæbraut á kvöldin og um helgar enda þeirra ekki þörf þar sem umferð er þá minni.

## **Greinargerð**

Finna má víða hægri beygjuljós þar sem ökumenn eru látnir bíða eftir grænu ljósi án ástæðu. Nægir að mati fulltrúa Flokks fólksins að hafa biðskyldumerki og alvöru gangbrautir (sebrautir og gangbrautarkerki eins og umferðarlög kveða á um), í stað göngupveranir eins og Reykjavíkurborg notar þar sem engar merkingar eru hvorki skilti né málaðar merkingar á götunni. Bláa gangbrautarskiltið skiptir öllu máli enda skýr skilaboð til ökumanna og gangandi vegfarenda um að þarna sé gangbraut. Hægri beygjuljós þar sem ekki er þörf gera fátt annað en að tefja umferð, auka mengun og eyðslu.